# Fréttabréf
NR.5

27. mars
2020

## Myndabanki – kynningarefni

Svæðisgarðurinn hefur fengið nokkuð af myndum frá ferðaþjónustufyrirtækjum á Snæfellsnesi til að nota í kynningarefni sem unnið er að.

Svæðisgarðurinn á nokkrar myndir og hefur aðgang að öðrum í gegn um sveitarfélög, Markaðsstofu Vesturlands og fleiri samstarfsaðila.

Það er mjög mikilvægt að hafa aðgang að góðum myndum sem nota má í sameiginlegt kynningarefni.
Þær má senda á ragnhildur@snaefellsnes.is, vandlega merktar höfundi og eiganda og meðfylgjandi þarf að vera heimild til að nota myndirnar.



Kajarróður er sívasandi íþrótt við strendur Snæfellsness  Kontiki kajarkferði

## Aðgengilegir staðir

### Kynning 1

Hér kemur kynning á nokkrum stöðum sem Snæfellingar hafa gert aðgengilega fyrir íbúa og gesti.

Smellið á myndirnar til að skoða betur
Opnast í nýjum glugga

Áfram verður haldið í næstu viku og fólk hvatt til að nota hvert tækifæri til að fara út (muna smitvarnir, 2 metra millibil ofl.) og njóta náttúrunnar sem við erum svo heppin að hafa allt um kring.



















## Lykilverkefni Svæðisgarðsins 2020 - 2024

I. **Stefnumótun**
II. **Ferðalagið** - Grunngerð ferðaþjónustunnar - Lífsgæði - Búsetuskilyrði og atvinnulíf
III. **Matur - Matarmenning** - Sjávarfang - Landbúnaðarvörur - Annað hráefni
IV. **Man and biosphere** - Lífsgæði - Menningarlíf - Búsetuskilyrði - Landslag
V. **Val á öðrum lykilverkefnum í gangi**
Ýmis þemu

| ÞEMU | | |
|---|---|---|
| snæfellsk LÍFSGÆÐI | Búsetuskilyrði | Skólar |
| | Menningarlíf | Lýðheilsa |
| snæfellskt LANDSLAG | Þjóðgarður | Líffræðileg fjölbr. |
| | Jarðfræðileg fjölbr. | Sveitir og bæir |
| snæfellskur MATUR | Matarmenning | Landbúnaðarvörur |
| | Sjávarfang | Annað hráefni |
| snæfellskur IÐNAÐUR | Upplýsingaiðnaður | Framleiðsluiðnaður |
| | Skapandi greinar | Mannvirkjagerð |
| snæfellskt FERÐALAG | Staðarandi, gæði | Ferðaleiðir |
| | Lykilþemu | Grunngerð |
| snæfellsk GRUNNGERÐ | Vegir, stígar, alm.samg. | Fjarskipti, veitur |
| | Hafnir, flugvellir | Stjórnun |

Lykilverkefni Svæðisgarðsins 2020 - 2024
Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Eitt lykilverkefni Svæðisgarðsins er aukinn sýnileiki, "sýna á spilin" og hugsa með Snæfellingum hvernig við getum best nýtt þennan farveg fyrir samstarf sem búinn hefur verið til sem allra best. M.a. til að byggja upp seiglu í samfélaginu. Þetta er ekki rétti tíminn fyrir slíkt, því nú reynir á seigluna. En við getum haldið áfram vinnu og undirbúningi, til að vera tilbúin þegar hjólin fara að snúast á ný.

Í næstu viku verða forgangsverkefni Svæðisgarðsins kynnt frekar.

Árið 2019 varð Svæðisgarðurinn Snæfellsnes 5 ára. Þá var staldrað við, litið yfir farinn veg, lært af reynslunni og fulltrúaráð ákvað hvernig við viljum starfa áfram – M.a. var rýnt í öll verkefni sem unnin höfðu verið og eru í gangi. Stjórn Svæðisgarðsins ákvað í framhaldinu að funda mánaðarlega.

Ákveðið að vinna að því að fá ríkisvaldið til að viðurkenna tilvist Svæðisgarðsins og hafa hann sem tilraunaverkefni í atvinnu- og byggðaþróun. Leita fjár í stór lykilverkefni

Að skýra betur hlutverk í samvinnu milli Svæðisgarðsins og t.d. Markaðsstofu/Áfangastaðastofu, SSV og sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.

## Áskorendahornið

Í kvöld, föstudaginn 27. mars 2020, kl. 20 ætlar Rósa Erlendsdóttir frá Dal, nú Votalæk, að tala við okkur í gegn um fésbókarsíðuna sína, um kvæðið sem hvarf. Hún skorar svo á næsta Snæfelling að taka við keflinu. Efninu verður deilt á samfélagsmiðlum Svæðisgarðsins.

Í gærkveldi var það Guðjón í Syðri – Knarrartungu sem gladdi okkur með frumsömdum ljóðum eins og honum einum er lagið. Hlekkir á það er að finna á Facebook síðu Svæðisgarðisins.

Ábyrgðarmaður fréttabréfs:
Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri
Svæðisgarðsins Snæfellsnes
Uppsetning og hönnun: Krums, Grundarfirði